

til að leita skaðabóta hjá þeim, er gefin verður sök á að hjónabandið var stofnsett móti lögum.

1862.
28. febrúar.

Samkvæmt þessu eruð þér beðnir að kunnngjöra hlutað-eigendum það, er með þarf.

**16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna 28. febrúar.
á Íslandi, um bækur, er út koma frá prentsmiðj-
unni í Reykjavík.**

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 16. apríl. 1860 útaf bréfi Havsteins, amtmanns yfir norður- og austur-umdæminu á Íslandi, þar sem hann fer fram á, að því verði skotið til dóms og laga, hvort Hóla stipti hið forna, eður norður-urumdæmið, eigi ekki heimting á fjórðungi af eiginlegum tekjum prentsmiðjunnar íslenzku, ritaði stjórnarráðið enn á ný embættis-manni þessum um málið, og hefir hann lýst því yfir, að hann fyrir sitt leyti sé eigi ófús á að láta það niður falla, en þó með þeim skilmálum, að stjórn prentsmiðjunnar skuldbindi sig til:

- a) að fá sér einn umboðsmann í hverri sýslu, ekki að eins í Hóla stipti hinu forna, heldur og í Múla sýslum, eður í gjörvöllu norður- og austurumdæminu, og senda honum að minnsta kosti hinar nauðsynlegustu af bókum þeim, er prentsmiðjan sjálf gefur út, á þann hátt, að almenningur geti fengið bækur þessar fyrir sama verð og á þeim er í Reykjavík.
- b) að láta amtsbókasafnið á Akureyri fá eitt exemplar af öllum þeim bókum, sem prentaðar eru í prentsmiðjunni í Reykjavík.

Um leið og yður nú er sent eptirrit af bréfi þessu, skal yður kunngjört, að ef stiptsyfirvöldunum lízt á það, er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu dómsmálastjórnarinnar, að málinu verði skipað á þann hátt, sem Havstein amtmaður hefir stungið upp á.